

AUGLÝSING

um gjald samkvæmt heimild í samþykkt um breytingu á samþykkt nr. 220
12. nóvember 1952, um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar um breytingu á samþykkt nr. 220 12. nóvember 1952, um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum, hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, skuli vera kr. 10000.00 árlega og greiðist ársfjórðungslega fyrir fram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnaðismálastofnunar ríkisins
árið 1965.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnaðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega, eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðzt við aukningu samkvæmt síðasta ársreikningi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör fyrir 1965, gerð í lok 2. ársfjórðungs 1966.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublaði, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

2. gr.

Á árinu 1965 skulu öll tryggingafélög, sem lög nr. 17/1964 taka til, kaupa íbúðarlánabréf Húsnaðismálastofnunar ríkisins fyrir 25% af fé því, sem félög þessi verja til verðbréfa- og víxlakaupa, annarra en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, sbr. þó 3. gr. reglna þessara. Skulu slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfa- og víxlakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Nú verður tryggingafélag að greiða váttryggingarupphæð hluta, sem orðið hafa fyrir skemmdum, en eignast í staðinn hina skemmdu hluti, og getur þá félagsmálaráðherra heimilað, að víxlar og verðbréf, sem tekin eru upp í greiðslu við sölu slíkra hluta, skuli ekki teljast með við ákvörðun fjárhæðar þeirrar, sem verja skal til kaupa á íbúðalánabréfum samkvæmt 2. gr. Það er skilyrði fyrir slíkri undanþágu, að lán sé ekki veitt til lengri tíma en 18 mánaða.